

Fundur Almannaþingarnefndar Austurlands

Dags og tími, 23.01.2023, fundur 1/2023, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:00 og stóð til kl. 14:50.

Fundarstjóri og ritun fundargerðar- KÓG.

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlapings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri (Varamaður sveitarstjóra Múlapings.)
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Kjartan Benediktsson, varamaður HG Fljótsdalshreppi

Dagskrá fundar

1. Fundargerð frá 12. desember lögð fram til samþykktar.
 - a. Samþykkt
2. Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra kemur þriðjudaginn 21.02.2023 á Austurland, - námskeið, æfing og fleira frá kl. 09:00 til 17:00. (Fundur sem átti að halda seinnipart desember en var frestað.)
 - a. Kynnt, - óskað upplýsinga um það hverjir mæta frá almannavarnarnefnd. (Næsti fundur almannavarnarnefndar haldinn daginn áður, 20. feb., og þá farið að nýju yfir fundinn og dagskrá hans.)
3. Símasamband á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum. (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Upplýsingar frá Sveini og Óðni
 - i. Ekkert komið frá Fjarskiptastofu (Sveinn.)
 - ii. Fjarskiptasjóður tómur (Óðinn.)
 1. Tölvupóstur barst Óðni frá Fjarskiptasjóði með skýringum og upplýsingum um getu sjóðsins til að veita aðstoð
 - a. Óðinn mun bjóða fulltrúa Fjarskiptasjóðs á næsta fund nefndarinnar, - hægt að spyrja spurninga og freista þess að átta sig á hvaða leiðir eru færar til að gera bragarbót á málum er varðar símasamband á svæðinu.

4. Viðbrögð við gróðureldum (Sjá fundargerð frá síðasta fundi.)
 - a. Fundur verður 14. feb. kl. 13:00 í hópi almannavarnanefndar á Egilsstöðum. Þar verður áætlun um framhaldið ákveðin.
 - b. Fljótsdalshreppur er að skoða með kaup á búnaði til slökkvistarfa í gróðri, áhugaverð tíðindi og stórt skref að því er best verður séð til að kljást við gróðurelda.
 - c. Vinnuhópur mun til staðar, „grodueldar.is“ á vegum stjórnvalda. Hópur sem starfar á landsvísu. (HGE skoðar-leitar upplýsinga um hlutverk hópsins og verkefni.)
 - d. Fyrirhuguð áhættugreining og áætlun um það hvernig best sé að glíma við gróðurelda í umdæminu verður rædd á fundi með almannavarnadeild RLS þann 21.02.2023, kanna meðal annars með skapalón fyrir slíka áætlun og fleira.

5. Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði, múffa gefur sig. (Sjá fundargerð frá síðasta fundi.)
 - a. Tíðindi þarna? (BI)
 - i. Mannvit og Verkís að vinna fyrir eigendur virkjunarinnar um áhættu sem frá virkjuninni stafar.
 - ii. Múlaping kallar eftir áhættumati vegna virkjunarinnar og lónsins á Fjarðarheiði. (ÓGÓ)
 1. (Skoða eignarhald/ábyrgð á lóninu.)

6. Múlaping gengur frá því að Herðubreið verði formlega fjöldahjálparstöð á Seyðisfirði. (Framhald síðasta fundar.)
 - a. Afgreitt - búið að gera samning við Rauða krossinn vegna þessa.


7. Vinnuhópar almannavarnanefndar
 - a. Eitthvað nýtt að fréttu þar?
 - i. Egilsstaðir
 1. Hópurinn mun hittast 14. feb.
 - ii. Eskifjörður
 1. Almannavarnaástaða á slökkvistöðinni á Reyðarfirði enn til skoðunar eftir skemmdir sem urðu í óveðri fyrir nokkrum mánuðum.
 2. Skýrsla á leiðinni í kjölfar æfinga í Norðfjarðar- og Fáskrúðsfjarðargöngum fyrir skemmstu. (SV)

8. Æfing fyrirhuguð 19. apríl nk með Smyril line. Um er að ræða tölvuárás á Norrænu - eldur kemur upp um borð og farþegi fellur/stekkur fyrir borð
 - a. Þær deildir/einingar sem koma að æfingunni eru :
 - i. Smyril line
 - ii. Höfnin á Seyðisfirði / Múlaping
 - iii. Landhelgisgæslan
 - iv. Landsbjörg – svæði 13
 - v. Brunavarnir Austurlands
 - vi. Slökkvilið Fjarðabyggðar
 - vii. HSA
 - viii. Rauði krossinn
 - ix. Heimastjórn Múlappings
 - x. Almannavarnadeild RLS – samhæfingarstöð
 - b. Fundur verður á morgun með öllum deildum/einingum sem koma að æfingunni, þar sem haldið verður áfram að stilla strengi.

9. Önnur mál

a. Engin sérstök

10. Næsti fundur mánudaginn 20. feb. 2023 kl. 14:00



Fundur Almannaþingarnefndar Austurlands

Dags og tími, 20.02.2023, fundur 2/2023, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:00 og stóð til kl. 15:10.

Fundarstjórn og ritun fundargerðar- KÓG.

Fulltrúar í almannaþingarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlapingis
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Þórður Vilberg Guðmundsson, Fjarðabyggð. (Kemur inn fyrir JBH.)
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri (Varamaður sveitarstjóra Múlapingis.)
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshreppi. (Varamaður HG.)
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Gestir: Einar Bessi Gestsson og Sara Barsotti frá Veðurstofu Íslands
Magnús Hauksson frá Neyðarlínu

Dagskrá fundar

1. MMS bauð fundarmenn velkomna, en gestir voru frá Veðurstofu Íslands og frá Neyðarlínu. Bauð KÓG að taka við fundarstjórn.
2. Öskjugos – upplýsingar frá Veðurstofu Íslands. (Einar Bessi og Sara Barsotti frá Veðurstofu.)
 - a. Hvers má vænta – viðbrögð?
 - i. Farið var yfir helstu atriði er lúta að áhættu á eldgosi í Öskju, farið yfir öfluga sólarhringsvöktun sem er í gangi, þróun á skjálftavirkni síðustu ár, landrisi og ísbráðnun nýleg í Öskjuvatni.
 - ii. Ekki eru til samanburðarmælingar frá fyrri gosum. Það er hinsvegar mat Veðurstofu að fyrirliggjandi gögn bendi ekki til þess að gjósa muni á næstunni. Bæði skjálftavirkni og landris hefur þó verið stöðug í talsverðan tíma og líklegt að til tíðinda dragi að endingu. Fyrirvari goss verði þó all nokkur engu að síður.
 - iii. Varðandi ísbráðnunina þá er óljóst af hvaða völdum nákvæmlega hún varð, kann að vera að um sé að ræða samspil vinds og hita í vatninu, hitinn hafi dreifst meira en áður og valdið því að ísinn bráðnar víðar. Vettvangskönnun

nýleg bendir til að vatnið sé að leggja að nýju auk þess sem engin ný merki er að finna í nágrenni Öskju sem bendir til aukinnar virkni.

- iv. Niðurstaðan að þessu sögðu sú að vel er fylgst með þróuninni við Öskju en fátt sem bendir til að Öskjugos sé að hefjast, - fyrirvari þess muni skarpari og meiri en til þessa hefur sést eða mælst á svæðinu.
- v. Bentu á, komi til goss, að hægt er að sjá á vefslóð Veðurstofu; <https://dispersion.vedur.is/> hvert askan dreifist, í hversu miklu magni og á hve skömmum tíma miðað við tegund goss, vindátt og vindstyrk á þeim tíma sem gos hefst/stendur yfir.
- vi. Fundarmenn ræddu möguleika þess að Veðurstofa sendi upplýsingar frá sér til íbúa í þeim anda sem kynntur var á fundinum og greint er frá hér að framan. Veðurstofa vísaði til tilkynningar sem send var í síðustu viku: [Engin skýr merki um aukna virkni í Öskju | Fréttir | Veðurstofa Íslands \(vedur.is\)](#). Gáfu góðfúslegt leyfi til þess, ef almannavarnanefnd teldi ástæðu til að senda tilkynningu í eigin nafni í ljósi umræðu á Austurlandi m.a, að texti yrði áður sendur Veðurstofu til yfirlestrar og stimplunar.
 1. Ákveðið af hálfu nefndarinnar að lögregla setji saman texta til kynningar. Hafi m.a. til hliðsjónar leiðbeiningar er Fljótsdalshreppur sendi út fyrir skemmstu á fésbókarsíðu Fljótsdælinga um ráðstafanir sem íbúar geta gert, leiðbeiningar fyrir almenning vegna hættu á heilsutjóni af gosösku, [Heilsutjón Oskufall 20100420-linkar.pdf](#) og ekki síður tilkynningu frá Veðurstofu hér að ofan.
 - a. Nefndin meti til kjölfarið hvort send verði fréttatilkynning í hennar nafni.

3. Símasamband í umdæminu, m.a. á Fagradal, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð, í Fljótsdal og víðar.
 - a. Almannavarnanefnd fikrað sig áfram í nokkurn tíma til að leita svara við því hvaða stofnun sé best til þess fallinn að vísa veginn að lagfæringum á símasambandi sem víða er ábótavant í umdæminu. Magnús Hauksson frá Neyðarlínu mætti að því sögðu á fundinn, að beiðni nefndarinnar, með kynningu á helstu atriðum er lúta að betra fjarskiptasambandi auk þess að svara spurningum fundarmanna.
 - i. Á næsta ári stendur fyrir dyrum að endurnýja tíðniheimildir til símafyrirtækja. Þá verða þær kvaðir að líkindum á símafyrirtækin sett að þau setji upp senda á tilteknum svæðum sem hafa verið skilgreind mikilvæg og í brýnni þörf fyrir betra samband, við þjóðvegi landsins. Gert ráð fyrir að staðan muni þá breytast mjög til batnaðar, m.a. á Austurlandi.
 1. Búið er að skilgreina þau svæði og þá staði sem um ræðir. Þá má finna á vef Fjarskiptastofu; <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/Fr%C3%A9ttir/samrad-um-endurutgafu-og-ny-skilyrði-tidniheimilda-fyrir-hahrada-farnetstjonustu-framlengdur-skilafrestur>
 2. Þetta verkefni gæti að mati MH tekið tvö til þrjá ár.
 - ii. Símafyrirtækin telja sér að öðru leyti ekki skylt að koma fyrir sendum, til að mynda á fáförnum stöðum og utan alfaraleiða.
 1. Þær kvaðir hvíla því á yfirvöldum að gera ráðstafanir á slíkum stöðum. Það í vinnslu en mun taka tíma.
 - iii. Neyðarlínan unnið að því að koma varaafli á víða um land til að tryggja nauðsynlega innviði er tengjast fjarskiptum, til að mynda á lögreglustöðvar á

Austurlandi. Hófst í kjölfar óveðurs árið 2019 og fyrr raunar. Áfram verði haldið á þeirri braut.

iv. MH sagði almannavarnanefnd velkomið að leita til sín/Neyðarlínu með frekari fyrirspurnir vegna þessara mála, - myndu reyna að svara hratt og vel.

4. Ekki tókst að tæma dagskrá fundarins innan fundartíma. Ákveðið því að næsti fundur yrði boðaður að viku liðinni, 27. feb. kl. 14:00.
 - a. Þá verður m.a. farið yfir fyrirhugaðan fund með almannavarnadeild RLS þann 6. mars nk.
 - b. Frekari dagskrádrög send síðar.



Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

Dags og tími, 27.02.2023, fundur 3/2023, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:00 og stóð til kl. 14:50

Ritun fundargerðar- KÓG.

Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Mættir:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Dagskrá fundar

1. Fundargerðir 23.01 og 20.02 lagðar fram til samþykktar.
 - a. Engar athugasemdir frá fundarmönnum.
2. Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra kemur 6. mars til skrafs og ráðagerða, - námskeiðahalds og fleira. Meðal annars verða umræður um húsakynni aðgerðastjórnar sem almannavarnarnefndin Austurlands hefur ályktað um. (Sjá fylgiskjöl.)
3. Viðbrögð við gróðureldum sbr. fundargerð síðustu funda
 - a. Bíður næsta fundar
4. Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði, múffa gefur sig. (Sjá fundargerð frá síðasta fundi.)
 - a. Bíður næsta fundar
5. Vinnuhópar almannavarnarnefndar
 - a. Starfsemi þeirra gengur ágætlega – frekari kynning bíður betri tíma
6. Greiðslur til almannavarnarnefndar, senda reikninga (420 per einstakling) ársreikningur lagður fram.
 - a. Samþykkt, - reikningar verða sendir fljótlega
7. Önnur mál
 - a. Engin

8. Næsti fundur haldinn 27.03.2023 kl. 14:00